



Heimdallur 1929 - 1934 og 1968 – 1969, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Lög Heimdallar – Ólafur Thors – Félagstíðind Heimdallar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-40, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Frá Skrifstofu Sjálfstæðisflokksins

Fyrir falablotinu sem
einklöðungar, fjölskráðir,
að efni mest tilkyningu
til félagsmanna.

Ungu Sjálfstæðismanna

Enginn íslenskra stjórnmalaflokka hefur notið trausts æskunnar í jafn ríku mæli og Sjálfstæðisflokkurinn og enginn íslenskra stjórnmalaflokka hefur veitt æskufólki slík tækifæri sem hann. Vegna þessara nánú tengsla við hina ungu kynslóð, er stefna flokksins siung, fær um að aðlaga sig kröfum nýrra tíma og stærri verkefna.

Hafi sá grunur læðst að nokkrum manni, að hið nána samband Sjálfstæðisflokksins og hins Ungra Íslands væri að rofna eða væri ekki eins náð og áður, hefur sá grunur horfið við lestur bréfs þess, er dr. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins sendi Heimdalli FUS og Sambandi ungra Sjálfstæðismanna fyrir nokkru og vakið hefur verðskuldaða athygi. Í bréfi sínu segir dr. Bjarni Benediktsson, að „ungir Sjálfstæðismenn hafi frá upphafi lagt af mörkuð ómetanlegan skerf til eflingar flokki okkar, í senn með því að móta stefnu flokksins í ýmsum mikilvægum máum og með útulu starfi til að afla henni fylgis.“

Síðar í bréfinu beinir formaður Sjálfstæðisflokksins þeirri ósk til ungra Sjálfstæðismanna, að þeir „skipi nefndir til rannsókna á tilteknum, afmörkuðum viðfangsefnum með það fyrir augum, að álit þeirra megi verða til að móta stefnu flokksins í þeim.“ Hann lýkur bréfinu með því að láta í ljós von um að hinir „ungu áhugamenn flokksins auki enn áhrif æskunnar innan hans, eflí flokkinn og skapi skilyrði vaxandi velmegunar allrar þjóðarinnar, sem upprennandi kynslóð nyti góðs af.“

Ungir Sjálfstæðismenn fagna þeirri viðurkenningu á starfi þeirra, því trausti, sem dr. Bjarni Benediktsson ber til þeirra og greinilega kemur fram í bréfi hans.

Þess má að lokum geta að árangurinn af þessari orðsendingu formanns Sjálfstæðisflokksins er nú orðinn sá, að stjórnir Heimdallar FUS og Sambands ungra Sjálfstæðismanna hafa ákveðið að setja á fót, Rannsóknar- og Upplýsingastofnun til þess að vinna að rannsóknum á hinum ýmsum þáttum þjóðmálanna í því skyni að móta og endurnýja stefnu Ungra Sjálfstæðismanna í þeim.



FÉLAGSTÍÐINDI

HEIMDALLAR

FÉLAGS UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

Ritstjórar og ábm.: EGGERT HAUSSON og VALUR VALSSON

7. TBL.

AGUST

2. ÁRG.

Unga Ísland!

Enginn íslenskra stjórnmalaflokka hefur notið trausts æskunnar í jafn ríku mæli og Sjálfstæðisflokkurinn og enginn íslenskra stjórnmalaflokka hefur veitt æskufólki slík tækifæri sem hann. Vegna þessara nánu tengsla við hina ungu kynslóð, er stefna flokksins síung, fær um að aðlaga sig kröfum nýrra tíma og stærri verkefna.

Hafi sá grunur læst að nokkrum manni, að hið nána samband Sjálfstæðisflokksins og hins Unga Íslands væri að rofna eða væri ekki eins náð og áður, hefur sá grunur horfið við lestur bréfs þess, er dr. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins sendi Heimdalli FUS og Sambandi ungra Sjálfstæðismanna fyrir nokkru og vakið hefur verðskuldaða athygi. Í bréfi sínu segir dr. Bjarni Benediktsson, að „ungir Sjálfstæðismenn hafi frá upphafi lagt af mörkum ómetanlegan skerf til eflingar flokki okkar, í senn með því að móta stefnu flokksins í ýmsum mikilvægum málum og með ötulu starfi til að afla henni fylgis.“

Síðar í bréfinu beinir formaður Sjálfstæðisflokksins þeirri ósk til ungra Sjálfstæðismanna, að þeir „skipi nefndir til rannsókna á tilteknum, afmörkuðum viðfangsefnum með það fyrir augum, að álit þeirra megi verða til að móta stefnu flokksins í þeim.“ Hann lýkur bréfinu með því að láta í ljós von um að hinir „ungu áhugamenn flokksins auki enn áhrif æskunnar innan hans, efli flokkinn og skapi skilyrði vaxandi velmegunar árlrar þjóðarinnar, sem upprennandi kynslóð nyti góðs af.“

Ungir Sjálfstæðismenn fagna þeirri viðurkenningu á starfi þeirra, því trausti, sem dr. Bjarni Benediktsson ber til þeirra og greinilega kemur fram í bréfi hans.

Þess má að lokum geta að árangurinn af þessari orðsendingu formanns Sjálfstæðisflokksins er nú orðinn sá, að stjórnir Heimdallar FUS og Sambands ungra Sjálfstæðismanna hafa ákveðið að setja á fót, Rannsóknar- og Upplýsingastofnun til þess að vinna að rannsóknum á hinum ýmsum þáttum þjóðmálanna í því skyni að móta og endurnýja stefnu Ungra Sjálfstæðismanna í þeim.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

„Breyta þarf svip íslenzkrar stjórnmálabaráttu“



„Hver sem kosningaréttar neytir er starfandi stjórnmálamaður“.

Þessi orð, er Sigurður Guðmundsson skóla-meistari á Akureyri, viðhafði eitt sinn í ræðu, hafa oft komið í huga minn að undan-

förnu. Tilefnin hafa jafnan verið ummæli og skrif oft mætra manna, þar sem stjórnmálamenn eru teknir fyrir sem ákveðin stétt í þjóðfélaginu.

Það virðist vera í nokkurri tísku núna að nöldra út í stjórnmálamenn sem slíka, án þess að nokkuð sé greint á milli einstakra manna. Þeir, sem kallaðir eru stjórnmálamenn, eru þá teknir á kné viðkomandi, og þeim gefið ýmislegt að sök. Stjórnmálamennirnir eiga þá sök á flestu því, sem aflaga fer í þjóðfélaginu, þeir hafa tekið sér of mikið vald, þeir eiga ekki að skipta sér af menningarmálum þjóðarinnar og alls ekki að hafa nein afskipti af menningarstofnunum ríkisins — og þannig mætti lengi áfram telja.

AÐEINS STIGSMUNUR?

Auðvitað eru þeir, sem veljast til trúnaðarstarfa á stjórnmálasvið-

inu, misjafnir eins og annað fólk, og enginn óskeikull. Allir hafa vafalaust gert sín mistök, sem eru réttilega tilefni gagnrýni. — Þeir sem veljast í trúnaðarstöður á stjórnmálasviðinu eru hvorki betri né verri en almennt gerist. Þeir eru spegilmynd þeirrar þjóðar sem hefur kosið þá. En að halda því fram, að „stjórnmálamenn“ sé hópur, sem sérstaklega þurfi að gjalda varhug við, sýnir misskilning á eðli og tilgangi lýðræðisins.

Við ihugun á orðum Sigurðar Guðmundssonar, sem að ofan greinir, kemst maður að þeirri niðurstöðu, að í raun og veru sé aðeins stigsmunur, en enginn eðlismunur á stjórnmálastörfum hins almenna kjósenda og „stjórnmálamannanna.“

MIKILVÆGI STJÓRNMÁLAFLOKKA

Almennur skilningur á því, að stjórnmálaflokkar séu nauðsynlegar þjóðfélagsstofnanir í lýðræðisþjóðfélagi virðist eiga nokkuð erfitt uppdráttar hér á landi. Sem dæmi má nefna, að á vegum allra íslenzkra stjórnmálaflokka starfa samtök fyrir ungt fólk. Samtök þessi eru af mörgum litin hornauga. Kemur það e.t.v. bezt fram í því, að nýlega var skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins til að semja frumvarp um æsku lýðsmálefni. Flest æksulýðssam-

tök í landinu áttu þar fulltrúa, nema stjórnmálasamtökin. Vinna þau samtök þó mjög þýðingarmikil æksulýðsstörf og innan þeirra vébanda starfa þúsundir ungra manna og kvenna.

EÐLI STJÓRNMÁLASTARFSINS MISSKILIÐ

En hverjar eru þá orsakir þess, að stór hópur manna misskilur eðli og tilgang stjórnmálastarfsins eða vanmetur mikilvægi stjórnmálaflokka? Orsakirnar eru vafalaust margar.

Ein orsök er án efa sú, að kennsla í þjóðfélagsfræðum er mjög vanrækt í íslenskum skólum. Þekking á eðli og uppbyggingu þjóðfélagsins er eitt af þeim grundvallaratriðum, sem sérhver borgari í lýðræðisþjóðfélagi þarf að hafa tileinkað sér. Þarf að bæta hið skjótasta úr þessu.

STJÓRNMÁLABARÁTTUNNI ÞARF AÐ BREYTA

Önnur orsök liggur vafalaust í því, hvornig stjórnmálabaráttan er háð hér á landi, og þá einkum á hvern hátt frambjóðendur og aðrir forystumenn á stjórnmálasviðinu nálgast kjósendur. Hugmyndir mjög margra um eðli stjórnmála starfsins mótast af þeim ófriðu útvarpsmæðum, er hér tíðkast. Þær umræður eru sá mælikvarði, sem stór hópur manna leggur á stjórnmálastarf. Hvernig þær umræður fara fram þarf ekki að lýsa fyrir lesendum *Félagstíðinda Heim* dallar, en þeim landsmönnum fækkar óðum, sem á þær hlusta. Slíkar umræður eiga rétt á sér undir vissum kringumstæðum, en þær mega ekki vera eina leiðin, sem Ríkisútvarpið hefur upp á að bjóða til að kynna landsmön-

um stjórnmálastarf eða stefnur og markmið einstakra stjórnmálaflokka. Stjórnmálaflokkarnir verða að taka höndum saman um, að þetta völduga útbreiðslutæki, útvarpið, taki upp aðrar aðferðir við að kynna landsmönnum stjórnmálastarfið. Það eru stjórnmálaflokkarnir og forystumenn þeirra, sem eiga leikinn í þessu efni. Fyrir forgöngu einstakra útvarpsmanna hefur að vísu nokkuð breytt til batnaðar á síðustu tímum, t.d. haldnir blaðamannafundir með forystumönnum á stjórnmálasviðinu, en betur má ef duga skal.

BREYTA ÞARF FUNDARFORMINU!

Form almennra stjórnmálafunda hefur og mjög lítið breytt hér á landi. Forystumaður heldur ræðu, orðið er gefið laust, stundum talar enginn, stundum örfáir — aldrei margir. Frjóar og leiðbeinandi umræður eru fátiðar. Fundarforminu þarf að reyna að breyta, gera það léttara og reyna að skapa almennum fundarmönnum tækifæri til að tjá sig án þess að þurfa að stíga upp á háan pall og láta þaðast í sviðsljósum.

Hér hafa aðeins verið nefndar tvær orsakir þess misskilnings á eðli og tilgangi stjórnmálastarfs, sem gerður var að umtalsefni fyrst í þessu spjalli. Vafalaust má finna fleiri orsakir, en þessar tvær eru þó þýðingamiklar. Það verður verk efni fyrir unga Sjálfstæðismenn að reyna að breyta þeim svip, sem íslensk stjórnmálabarátta hefur á sér haft.



Skyldusparnaður!!

Sá kreppuhugsunarháttur, að ríkisvaldið eigi að vasast í öllum hlutum, er furðu lífseigur á Íslandi. En er ekki nokkuð langt gengið, þegar það tekur að skipta sér af því, hvernig almenningur ver þeim tekjum sínum, sem aukreitis eru eftir útsvars- og skattheimtu? *Er réttlætlanlegt í frjálsu þjóðfélagi að skylda menn til að spara?*

Rök fyrir skyldusparnaði.

Fyrir skyldusparnaði má færa þrennar ástæður:

I. að fólkinu sé það sjálftu fyrir beztu.

II. að ríkisvaldið þarfnist þessa fjár til húsnæðislána.

III. að hann sé notaður til hagstjórnar.

Þetta skal nú athugað ofurlítið nánar.

I. Það er mikil misskilningur, að uppspretta sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna sé hjá ríkisvaldinu. Það er líka hrapaleg glámskyggni að álíta ríkisvaldið eitt-hvert uppeldistæki.

Sjálfsbjargarviðleitnin kemur frá einstaklingunum sjálfum. En þeir verða líka að hafa tækifæri og svigrúm til þess að hún fái að njóta sín, og það er hlutverk ríkisvaldsins að skapa þá aðstöðu.

Með skyldusparnaðinum virðist löggjafarvaldið álíta almenning ófæran um að gæta eigins fjár og verja því eins og hann telur sjálfum sér fyrir beztu. *Hvers vegna ætti þeim þá að vera treystandi, sem fara með annarra fé?*

Mætti og ætla, að það hefði í för með sér heillavænlegri og var-

anlegri uppeldisáhrif að hvetja fólk til þess að gera það, sem gott þykir af frjálsum vilja, í stað lagaboða og kúgunar.

II. Samkvæmt Þjóðhags- og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er byggingaþörf landsmanna áætluð 1400 — 1500 íbúðir á ári hverju. Áætlað er að lána 280 þús. kr. út á hverja íbúð. Heildarútlán til húsnæðismála verða því um 408 millj. kr. árlega, miðað við 1450 íbúðir.

Meðaltal þess fjármagns, sem inn kemur vegna 15% skyldusparnaðarins næstu 10 árin og hægt verður að veita til útlána, er áætlað að nemi um 20 millj. kr. árlega.

Samkvæmt þessum útreikningum verður 15% skyldusparnaðururinn aðeins 4,9% þess fjármagns, sem gert er ráð fyrir að veita til húsnæðislána.

Augljóst er því, að skyldusparnaðurinn er ódráttur mikill, sé honum ætlað að auka útlánagetuna. Á raunhæfari sparnaðarleiðir verður bent hér á eftir.

Fram til þessa dags er skyldusparnaðurinn eina tækifæri Íslendinga til að vísitöluþryggja sparifé sitt. Og vissulega getur myndast slíkt efnahagsástand verðbólgu og peningahruns, að með skyldusparnaði sé bókstaflega verið að bjarga frá verðbólguhitinni lausafjármunum þess fólks sem vildi spara, en hefði ekki vöð á annarri vísitöluþryggingu sparifjárins. Slíkt efnahagsástand þekkja Íslendingar nógu vel. *Hitt er annað mál, að rökréttara væri, að ríkisvaldið veitti þjóðfélagsþegnunum aðstöðu til frjálsrar sparifjármyndunar,*

Framhald á bls. 7

ALMENNA BÓKAFÉLAGIÐ


LANGSTÆRSTA BÓKAFÉLAG LANDSINS

AÐILD AÐ ALMENNA
BÓKAFÉLAGINU TRYGG-
IR YÐUR ÚRVALSBÆKUR
VIÐ VÆGU VERÐI.

MEÐ ÞVI AÐ GERAST
FÉLAGI Í AB., EFLIÐ ÞÉR
MENNINGARSAMTÖK
LÝÐRÆÐISSINNA Á ÍS-
LANDI.

Almenna Bókafélagið - Tjarnargötu 16 - Sími 19707

Þættir úr



Á fundi með launþegaklúbb

Starfsemi Heimdallar FUS hefur verið óvenju blómleg í vetur, einkum eftir áramót. Ósleitilega var stefnt að því marki „að efla og bjóða upp á fjölbreyttara félagslíf en nokkru sinni fyrir“, eins og fyrirheitið hljóðaði í 1. töl. Félags-tíðinda þessa árgangs.

Hlutverki Heimdallar, sem er að stuðla að útbreiðslu Sjálfstæðis-stefnunnar meðal yngri kynslóðarinnar; að vera Sjálfstæðisflokknum uppspretta nýrra hugmynda í samræmi við breytt lífsviðhorf og kröfur tímans; að halda flokknum stungum og sjá honum fyrir nýjum starfskröftum; verður ekki skil að nema með öflugum og fjölbætta félagslífi.

FRÆÐSLUSTARF

Að útbreiðslu Sjálfstæðisstefnunnar er unnið með félagasöfnun og

fræðslustarfsemi í formi fyrirlestra og útgáfustarfsemi.

Í vetur hafa verið haldnir fjölmargir fyrirlestrar um þjóðfélagsmál, sem voru fluttir af færustu mönnum og mjög vel sóttir. Einnig voru haldnir klúbbfundir á þriggja vikna fresti, þar sem fenginn var einhver fróður maður á sínu sviði til að leiða umræður. Klúbbfundir munu nú einna vinsælasti liður félagsstarfsins, og eru félagar hvattir til að skrá sig til þátttöku, er þeir hefjast á nýjan leik næsta haust.

Hefur þetta tvennt, fyrirlestrar og klúbbfundir, veitt þátttakendum ómetanlegt tækifæri til að öðlast reynslu og þekkingu á hinu ýmsu þáttum þjóðlífsins. Er óhætt að fullyrða, að ekkert íslenskt félag bjóði meðlimum sínum upp á

félagsstarfi!

slika aðstöðu til almennrar þjóðfélagsmenntunar sem Heimdallur.

HEIMDALLARSÍÐAN!

Fyrir hálfu öðru ári haslaði Heimdallur sér nýjan völl með sérstakri Heimdallarsíðu í dagbl. Vísi. Hefur þetta orðið félaginu til mikils álitsauka útávið og vakið almenna eftirtekt. Þar sem ávallt verður litið á Heimdallarsíðuna sem málagn og spegilmynd félagsins, er það ljóst hversu vel þarf til hennar að vanda. Er óhætt að segja, að vel hafi verið af stað farið, einkum þegar samamburður er gerður við æskulýðs-síðu fél. ungra framsóknarmanna, sem hvað málflutning snertir virðist vera hálfgerður sorphaugur Tímans, — er þá mikið sagt!

LAUNÞEGAKLÚBBUR!

Launþegaklúbbur var stofnaður í vetur. Þátttakendur hans voru úr röðum iðnaðar- og verkamanna. Tókst starfsemi hans fram úr öllum vonum, þar sem um algert nýmæli var að ræða. Fluttir voru fyrirlestrar, sýndar fræðslumyndir og farið í heimsóknir í Alþingishúsið og Morgunblaðið.

Stofnun klúbbsins var ekki aðeins félaginu sjálfu mikill ávinningur, heldur fyrst og fremst þátttakendum hans, sem auk þess að bindast innbyrðistengslum, kynntust ýmsum forystumönnum flokksins, og áttu þess kost að koma sjónarmiðum og vandamálum sínum á framfæri. Er þess að vænta, að starfsemi hans verði fram haldið næsta vetur og nýir félagar bætist þá við.

Félagsheimili

FYRIR dyrum standa umbætur og aukning á húsnæði því, sem Heimdallur hefur haft til umráða í Va'höll. Félagið hefur nú um nokkurra ára skeið haft til afnota stórt skrifstofuhverbergi í kjallara hússins, en nú verður sú breyting á, að allur kjallari Valhallar, verður tekin í notkun fyrir starfsemi Heimdallar. Í sumar mun verða unnið að því að innrétta Félagshemili Heimdallar í þessu húsnæði og er að því stefnt, að það verði tilbúið til notkunar eigi síðar en 1. okt. n.k.

Með hinni bættu starfsaðstöðu

mun bylting verða í félagsstarfi Heimdallar. Er ætlunin að Félagshemili verði opið a.m.k. 5-6 kvöld í viku hverri. Reynt verður að sjá til þess, að einhver dagskráatriði verði þar hverju sinni, svo sem bókmenntakynningar, ljóðaupplestur, tónistarkynning o.s.frv.

Þetta mál á sér alllangan aðdraganda og hafa að því unnið af hálfu Heimdallar Ásgeir Thoroddsen og Ólafur Jensson, en Kristinn Ragnarsson mun hafa umsjón með öllum framkvæmdum.

Skyldusparnaður —

þar sem innistæður væru visitölu-tryggðar, áður en farið er að skylda fólk til þess.

III. Á verðþenslutímum raskast jafnvægið milli framboðs og eftirspurnar fjármagns á þann veg, að eftirspurnin eykst umfram framboð. Grípa verður þá til ráðstafana til að auka framboð og draga úr eftirspurn. Á slíkum tímum er of mikið peningamagn í umferð. Það fjármagn, sem þannig er í umferð umfram framboðsgetuna verður að binda í bönkum og spari sjóðum. Það verður að gera með vaxtahækkun og eflingu á mennsfrjáls sparnaðar. Dugi það ekki er hugsanlegt að beita skyldusparnaði. Hann væri þó aðeins réttlætanagerur í þessum tilgangi sem viðurkennt neyðarúrræði ef hann væri afnuminn jafnskjótt og stöðugt jafnvægi hefði náðst á nýjan leik.

En hafa ber þó hugfast, að skyldusparnaðurinn elur á þjóðarórgæfunni: hugsanaleti og ábyrgðarleysi. Í eðli sínu miðar hann að auknu ósjálfstæði einstaklinganna gagnvart ríkisvaldinu. Það er öfugþróun, sem verður að stöðva. Stefnan á að vera í gagnstæða átt: að styrkja sjálfstæði einstaklinganna.

ÖNNUR ÚRRÆÐI

Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gegnið, að sparifjárframboðið grundvalli útlánagetuna. Ógerlegt er að auka útlán nema fyrst komi til aukinn sparnaður. *Hvernig er þá unnt að efla sparnað?*

Árið 1954 henti Landsbankinn á allmargar leiðir til eflingar sparnaði og er þar minnst á skyldusparnað, en sem algert neyðarúrræði. Sama ár skipar þáverandi viðskiptamálaráðherra nefnd til að kanna nýjar leiðir til aukningar

sparnaði í landinu. Skilaði sú nefnd álitinu sínu í febrúar 1955. Nokkuð af tillögum þessum hefur verið framkvæmt, en margar leiðir hafa ekki verið kannaðar.

Hér verða taldar upp nokkrar þeirra tillagna sem fram hafa komið. Ef lesendur Félags tíðinda vilja kynna sér nánar þessar tillögur skal þeim bent á Fjármálatíðindi árg. 1954—'55.

★ Útgáfa spariskírteina með hækkandi vöxtum.

★ Útgáfa visitölu tryggðra bréfa til ángs tíma, t.d. til að afla fjár til íbúðalána.

★ Verðbréfaeign verði gefin skattfrjáls.

★ Fyrirtæki selji almenningi hlutaðbréf sín.

★ Verðlaun fyrir sparnað.

★ Samningsbundinn sparnaður:

1) Íbúðasparnaður, þar sem fólk væri gert kleift að gera sérstakan samning við peningastofnanir um sparnað til íbúðabyggingar. Peningastofnunin mundi ábyrgiast lán til byggingarinnar þegar sparnaðurinn næmi ákveðnum hluta kostnaðarverðs viðkomandi íbúðar.

2) Leunasparnaður ungs fólks, þar sem það getur gert samning við vinnuveitenda sinn um, að hann greiði vissan hluta tekna þeirra inn á sparisjóðsreikning mánaðarlega. Innistæðu þessa má ekki taka út fyrr en eigandi hennar hefur náð 25 ára aldri, nema til komi heimilisstofnun eða til að greiða náms- eða siúkrakostnað. Sérstakt happdrætti yrði rekið í sambandi við þetta fyrirkomulag. Þetta hefur gefið góða raun í Svíþjóð.

★ Auk þess er rétt að geta tillögu þingmanna Sjálfstæðisflokksins 1957 um sérstakt form sparilánana sem kölluð voru „húsinnlán“. Það var samningsbundinn sparnaður Framhald á bls. 10

ALLTAF FJÓLGAR VOLKSWAGEN

VOLKSWAGEN ÁRGERÐ 1965

ENNÁ EINU SINNI HEFUR VOLKSWAGEN VERIÐ ENDURBÆTTUR



Þér fáið aukid viðsýni ...



konan yðar einnig



og auðvitað börnin

Það er ekki nóg að allar rúður hafi verið stækkaðar svo að viðsýni fjölskyldunnar verði meira úr Volkswagen 1965 heldur 23 aðrar endurbætur

Allt annað er eins. — Í samræmi við áratuga reynslu er Volkswagen ekki breytt, heldur endurbættur. Farið er eftir kröfum tímans og reynt að nalgast hinn fullkomna bíl.

Volkswagen er örugg fjárfesting og i herra endursöluverði en nokkur annar bíll.



Varahlutabjónusta Volkswagen er þegar landskunn.

Sími 21240. **HEKLA hf** Laugavegi 170/172

ur einstaklinga þar sem eigendum húsnámsins þessara var heitið allt að 25% hærra íbúðarlán hjá byggingarsjóði ríkisins, en venjulegt lánshámark er, 5 árum eftir að húsnámsinn hófust. Auk þess áttu húsnámsmenn að bera 1% hærri vexti en almennir sparifjórðingir væru í landinu á hverjum tíma.

NAUÐSYN VERÐBRÉFA-MARKAÐAR

Til þess að lánastarfsemi komist í eðlilegt horf og það ástand geti varað langa hríð er nauðsynlegt að undirbúa þegar stofnun kaupþings. Koma verður á fót verðbréfamarkaði þar sem ríkissjóður og aðrir aðilar geta aflað fjár til fjárfestingar. Skilyrði slíks markaðar er, að verðbréfin verði seld

á frjálsum markaði og gengi þeirra ákvarðist eingöngu af framboði og eftirspurn.

Vissulega rís ekki öflugur verðbréfamarkaður á einni nóttu. Hann þróast á allöngum tíma. En það eykur aðeins nauðsyn þess, að kaupþing verði stofnað hið fyrsta.

Hin nýstofnaða Rannsóknar- og upplýsingarstofnun ungra Sjálfstæðismanna fær nú sparnaðarmál-in til rannsókna. Mun hún kanna allar leiðir, sem hugsanlegar eru til eflingar sparnaði og að lokum skýra frá niðurstöðum. Vonast Félagstíðindi til að árangur rannsóknarinnar verði góður og að þau geti kynnt lesendum sínum tillögur stofnunarinnar innan fárra mánaða.

Hópfurðabifreiðir

Höfum ávallt til leigu
þægilegar hópfurðabifreiðir
Kjörorð okkar er
góð þjónusta

LANDLEIÐIR H.F.

Símar 20720 og 13792



NAUST H.F. Vesturgötu 6-8

Kaupið þar, sem úrvalið er mest

Ávallt mikið úrval af hljómplötum
við ALLRA HÆFI

FÁLKINN H.F.

(hljómplötudeild)
Laugavegi 24 — Sími 18670



Nýjar verzlanir
Mikið vöruval
Rúmgóð bílastæði

Austurveg h.f.



Prentsmiðjan LITIR



FÉLAGSTÍÐINDI HEIMDALLAR

FÉLAGS UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

Ritstjórar og ábm.: EGGERT HAUSSON og VALUR VALSSON

6. TBL.

APRÍL 1964

2. ÁRG.

Sameiginleg baráttumál

HEIMDELLINGAR hafa sjálfsagt oft verið inntir þess, hver sé hugmyndafræði Sjálfstæðisanna, sbr. kenningar kommúnista, socalista, nazista og „samvinnuhugsjón“ framsóknarmanna svo að einhver dæmi séu nefnd. Hefur ýmsum vafizt tunga um tönn í svörum sínum, fyrst og fremst vegna þess, að þeir eiga þess ekki kost að glugga í rit á borð við kokkabækur þeirra Marx og Leníns, er í væri að finna goðleg svör við öllum heilabrotum þeirra svo og lausn mannlegra vandamála.

Hver er þá hugmyndafræði Sjálfstæðisanna, og þar með hið raunverulega baráttumál þeirra?

Kjarni hennar er einfaldlega sá, að líta beri á sérhverja mannlega veru sem sjálfstæðan einstakling, er

hafi ótvíræðan rétt til að ráða gerðum sínum sjálfur svo fremi, að hann gangi ekki á sams konar rétt annarra. Sjálfstæðisflokkurinn er samtök manna, er eiga það sameiginlegt að vilja verja þessi helgustu mannréttindi, sem eru jafnframt hornsteinar lýðræðisins, þ.e. málfrelsi, kosningafrelsi, réttaröryggi og athafnafrelsi í anda laga og almenns siðgæðis.

Sérhver innan þessa hóps hefur rétt til eigin skoðanamyndunar, og það sem meira er, honum er tryggður þessi réttur. Þess vegna verður aldrei unnt með réttu að ásaka neinn, er heldur fram sinni sérskoðun og ekki krefst sérhagsmuna til handa sjálfum sér, fyrir að vera brotlegur gagnvart Sjálfstæðisstefnunni.

. . . . og hver ekki

KEFLAVÍKURSJÓNVARPIÐ er á ný orðið deiluefni manna eftir að hafa legið í þagnargildi um hrið. Tilefni þess er eins og allir vita áskorun 60 þjóðkunnra borgara til Alþingis um að útsending stöðvarinnar yrði einungis takmörkuð við flugvöllinn sjálfan. Sjónvarpsnotendur í Reykjavík og víðar brugðust skjótt við og stofn-

uðu með sér félag til varnar hagsmunum sínum. Þar sem innan beggja þessara fylkinga eru menn, sem jafnframt eru þekktir Heimdellingar, þótti hlýða að láta þá leiða saman hesta sína á vettvangi sjálfs félagsins. Birtast álit þeirra og svör við nokkrum spurningum á næstu opnu.

Einn af stofn. Fél. sjónvarpsá hugamanna



Haukur
Hauksson

1. Ert þú almennt hlynntur sjónvarpi?

Um það mál þarf ekki að fjöl-yrða. Þessa spurningu væri sjálf-sagt óviða hægt að bera upp í al-vöru nema á Íslandi. Að sjálfsögðu er sjónvarp æskilegt og raunar furðulegt, að um slíkt skuli standa háværar deilur.

2. Er æskilegt að hraða stofnun isl. sjónvarps?

Auðvitað er æskilegt, að stofnun isl. sjónvarps verði hraðað svo sem unnt er. Hitt er svo annað mál, að menn kann að greina á um, hver sé hinn rétti hraði. Ég tel og, að sá grundvöllur, sem þeir, sem sjónvarpsmálin hafa mest kannað, sé ekki réttur, svo sem síðar verður að vikið. Sjónvarp gæti verið komið á Suðurnesjum fyrir mörgum árum, ef frelsi einstaklinganna í þessum efnun hefði ekki verið skorið við nögl af ríkisvaldinu.

3. Ber að reka isl. sjónvarp sem sjálfstæða stofnun, eða undir beinni stjórn ríkisútvarpsins?

Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að isl. sjónvarp eigi að vera sjálfstæð stofnun, með eigin fjárhag og aðskilið frá ríkisútvarpinu. Sá miskilningur virðist ríkjandi, ekki síst hjá útvarpsmönnum, að sjónvarp sé útvarp með

myndum. Aðrir virðast álita, að sjónvarp sé bíó í heimahúsum. Sjónvarp er hvorugt. Það er sérstök listgrein og á að vera óháð útvarpinu. Því þarf að stjórna af sérmenntuðum mönnum, sem lagt hafa stund á sjónvarpsnám sérstaklega, og ég tel mjög óæskilegt, að ríkisútvarpið hafi hönd í bagga með daglegum rekstri sjónvarpsins.

4. Er æskilegt, að erlent ríki hafi eitt aðstöðu til reksturs sjónvarpsstöðvar á Íslandi?

Mér virðist misskilnings gæta í spurningunni. Talað er um, að erlent ríki hafi eitt aðstöðu til, eða einkaleyfi á, að reka sjónvarp á Íslandi. Sá, sem einkaaðstöðu hefur, þarf ekki að óttast samkeppni. Þar sem aðrir hafa ekki leyfi til slíks reksturs í samkeppni við hann. Ísl. ríkið getur að sjálfsögðu rekið hér sjónvarp og hyggst gera það, og fæ ég því ekki séð á hvern hátt hægt er að tala um einkaaðstöðu Keflavíkursjónvarpsins.

5. Hefur efni Keflavíkursjónvarpsins haft á einhvern hátt neikvæð áhrif á isl. menningu?

Ekki hef ég orðið þess var, og skilst mér, að það standi í flestum að nefna dæmi. Mér er ekki kunnugt um, að andstæðingar Keflavíkursjónvarpsins hafi getað bent á svo mikið sem eitt slíkt dæmi, en hinsvegar spá þeir um framtíðina. Persónulega efast ég um spádómsgáfu þessara manna.

6. Hverja telur þú samkeppnis- aðstöður isl. sjónvarps gagnvart Keflavíkursjónvarpinu eða

Framhald á bls. 4

Einn hinna „sextíu“



Sverrir
Hermannsson

1. Ert þú almennt hlynntur sjónvarpi?

Að sjálfsögðu. Ég þekki engann sem ekki er hlynntur sjónvarpi. Enda myndi það furðu gegna ef menn væru ekki almennt hlynntir þessu undrataeki, sem orðið getur til stórfelldra menningarframfara, ef rétt er á haldið.

2. Er æskilegt að hraða stofnun isl. sjónvarps?

Það álit ég ekki vera. Miklar og örar tækniframfarir eiga sér stöðugt stað í sambandi við sjónvarpið og kann svo að fara að innan fárra ára hafi myndast allt önnur og betri skilyrði fyrir okkur að koma því á fót.

3. Ber að reka isl. sjónvarp sem sjálfstæða stofnun, eða undir beinni stjórn ríkisútvarpsins?

Eftir því sem mér hefir skilizt þá eiga útvarp og sjónvarp ekki ýkja mikið sameiginlegt. Enda er mér nær að halda að útvarpið okkar hafi nóg á sinni könnu og vafasamt að dreifa kröftum þess. Forystumenn útvarpsins, sem setja vilja sig fyrir sjónvarpsmálið nú, ættu fyrst að sjá til þess að allir Íslendingar eigi kost á að heyra til útvarpsins okkar, en svo er ekki í dag. T.d. er ástandið þannig á nokkrum svæðum á Austurlandi að ekki er hægt að hlusta

á útvarp nema með höppum og glöppum. Ég tel að sjónvarpið eigi að vera sjálfstæð stofnun.

4. Er æskilegt, að erlent ríki hafi eitt aðstöðu til reksturs sjónvarpsstöðvar á Íslandi?

Að sjálfsögðu ekki, og skiptir í því sambandi engu máli hver í hlut á. Og ef menn hugsa þessa spurningu nákvæmlega eins og hún liggur fyrir, ótruflaðir af öðrum atriðum, þá hljóta þeir að vera mér sammála.

5. Hefur efni Keflavíkursjónvarpsins haft á einhvern hátt neikvæð áhrif á isl. menningu?

Þessari spurningu hefi ég ekki tók á að svara. Hitt er ég sannfærður um að Keflavíkursjónvarpið hefir ekki haft nein jákvæð áhrif á íslensku menningu og þá er stutt yfir í það neikvæða og alls ekki hættandi á það. Nú kann að vera, að áhrif sjónvarpsins séu enn sem komið er óveruleg. En ef þetta fengi nú að ganga óáreitt í 50 ár? Ég læt menn sjálfa um að svara því, til hvers það kynni að leiða.

6. Hverja telur þú samkeppnis- aðstöður isl. sjónvarps gagnvart Keflavíkursjónvarpinu eða öðrum erlendum sjónvarpsstöðvum, er í framtíðinni munu nota gervihnetti til endurvarps?

Ég hefi ekki næga þekkingu á málunum til að geta svarað þessari spurningu, en mér býður í grun að við munum eiga erfitt uppdráttar í samkeppni við aðra í þessu efni. Hinsvegar hefi ég bjargfasta trú á íslenskum menningarkjarna, að hann muni duga

Framhald á bls. 4

Sjö algengar meinlokur

1) Að ríkisvaldið geti látið þjóðfélagsþegnunum eitthvað í té, sem það hafi ekki fyrst orðið að taka frá þeim!

Ríkisvaldið er aldrei uppspretta verðmæta. Allt, sem er framleitt, er framleitt af þegnunum sjálfum. Allt, sem ríkisvaldið miðlar þegnunum, verður því fyrst að taka frá þeim. Tekjustofn ríkisins er skattar, og eins og Franklin D. Roosevelt sagði 1932: „Skattar eru greiddir með svita sérhvers vinnandi manns.“

(Frh. greinar Sverris)

okkur til að gera sjónvarp framtíðarinnar að miklu íslenzku menn ingartæki. En flas í þeim efnun mun ekki verða til fagnaðar.

LOKAORÐ:

Ég hef litlu við svör mín að bæta. Ég vona að þau varpi nokkru ljósi á afstöðu mína til þessa máls en hana hefi ég að vísu látið í ljós fyrr ásamt 59 öðrum og hefir það mál vakið mikinn úlfabýt. Það upphlaup var byggt á alröngum forsendum. Allt tal um árás á einstaklingsfrelsi og skoðanafrelsi í því sambandi er út í hött og ekki svaravert.

(Frh. greinar Hauks)

öðrum erlendum sjónvarpsstöðvum, er í framtíðinni munu nota gervihnetti til endurvarps?

Veldur hver á heldur. Um gervihnattasjónvarp er það að segja, að ekki er nóg, að sjón-

2) Að stjórnendur atvinnutækjanna geti tryggt stöðuga atvinnu! Í viðskiptalífi hins frjálsa hagkerfis kemur allt fé til launagreiðslna svo og starfsverkefni frá sjálfum viðskiptavinunum. Því er hin eina eiginlega trygging stöðugar atvinnu falin í velferð og fjölda viðskiptavinnanna. Engir viðskiptavinir tákna engar atvinnu tekjur og enga atvinnu.

3) Að launþegar nokkurrar þjóðar geti bætt kjör sín með kauphækkunum án þess að auka framleiðsluna að sama skapi!

Launagreiðslur eru helzti kostnaðarliður allrar framleiðslu. Hækki laun (án tilsvarendi framleiðsluaukningar) hækkar einfaldlega vöruverð og bætir því ekki á nokkurn hátt kjör launþeganna.

varpshöttur sveimi yfir Íslandi. Til þess að unnt væri að ná sendingum slíks hnattar hér, þarf með núverandi tækni a.m.k., að koma upp dýrum móttakara á jörðu niðri. Kostnaður við slíkt fyrir- tæki yrði svo geysilegur, að enginn hérlundur aðili annar en íslenzka ríkið gæti staðið undir honum. Hefur því ríkið það í hendi sér, hvaða samkeppni það vill veita eigin sjónvarpi frá gervihnöttunum.

Um Keflavíkursjónvarpið og samkeppni þess er það að segja, að ekki hefur reynt á hana ennþá. Um margt held ég, að Keflavíkursjónvarpið hafi orðið væntanlegu ísl. sjónvarpi ómetanleg lyftistöng, m.a. vegna sjónvarpstækjakaupa landsmanna. Að 3000 tæki, eða fleiri, skuli þegar vera til í landinu, áður en ísl. sjónvarp tekur til starfa, er ekki lítill ávinningur.

4) Að batnandi lífskjör séu fyrst og fremst að þakka baráttu verkalyðssamtaka!

95% af hæfni mannsins til að auka framleiðsluafköst sín á rætur að rekja til notkunar fullkonnari verkfæra. Skipulögð verkalýðssamtök hafa átt hverfandi þátt í fullkonnun og nýtingu þessara ómissandi tækja.

5) Að nokkurt annað efnahagskerfi en það, sem byggist á frjálsum framleiðslu- og viðskiptaháttum, geti boðið upp á stærsta vöruúrval fyrir sem flesta.

Stærsta vöruúrval fyrir sem flesta tákna í reynd hámarksframleiðni á hvern vinnandi mann. Og hámarksframleiðni á hvern vinnandi mann næst eingöngu, þegar framleiðsluöflin og markaðarnir örvast af starfrækslu á grundvelli frjálsrar samkeppni.

Um samkeppnina, er þar að kemur, vildi ég segja, að þar skiptir efnisval ísl. sjónvarps miklu máli. Það er ekki dýrt að sjónvarpa aðfengnu efni á filmum eða segulbandi eins og það kemur fyrir. Heimafengið efni er hinsvegar oftast mjög dýrt, með nokkrum undantekningum þó, t.d. fréttalutningi. Fréttir eru það eina sjónvarpsefni, sem ég fæ séð, að ríkisútvarpið gæti nærri komið, þannig að það yrði sjónvarpinu ávinningur.

Spurningin er einfaldlega: Hve lengi hyggst ísl. sjónvarp sjónvarpa á degi hverjum, og hvaða efni velst í það? Verði sendingatíminn stuttur, má nærri geta, að á Keflavíkursjónvarpið verður horft þann tíma, sem ísl. sjónvarpið sendir ekki. Ef ráðizt verður í að gera ísl. texta eða tala við allt aðfengið efni, má búast við því, að sendingatíminn verði

6) Að unnt sé að nema úr gildi lögmálið um framboð og eftirsurn!

Því fágætari, sem einhver hlutur er, því dýrari verður hann: Því algengari hann er, þeim mun verðminni. Þetta lögmál um framboð og eftirsurn er náttúrulögmál, og maðurinn getur því ekki numið það úr gildi. Tilraunir stjórnarvalda til að sniðganga þetta lögmál hafa þess vegna ætíð endað með skelfingu.

7) Að eigendur framleiðslutækjanna hírði bróðurpart ágóðans af framleiðslunni, en einungis eftirhreyturnar falli launþegunum í té.

Um það bil 90% verðupphæðar framleiðslu-vara rennur í vasa launþeganna. Upphæðin, sem fellur í hlut eigenda framleiðslutækjanna er u.þ.b. 10%. Samt sem áður vinna sjálf framleiðslutækin meira en 95% verksins. (Þýtt)

stuttur vegna mikils kostnaðar. Ef þetta er hinsvegar ekki gert að algjöru skilyrði, tel ég að ísl. sjónvarpið þurfi ekki að óttast Keflavík.

LOKAORÐ:

Að síðustu þetta: Ísl. sjónvarp væri fyrir löngu komið á Suðurnesjum, ef ríkið hefði ekki eitt ísl. aðila rétt til sjónvarpssendinga. Ég er mótfallinn ríkissjónvarpi og ríkisútvarpi og legg slíkt að jöfnu við, að ríkið tæki sér einkarétt á útgáfu blaða og bóka í landinu. Nú skilst mér af ráðamönnum, að sjónvarpsmálinu standi það helzt fyrir þrifum, að ekki megi sjónvarpa um tíma um Reykjavík og nágrenni. Landið allt, frá Ströndum að Langanesi, hafi rétt til að sjá líka. Það skvldi þó aldrei fara svo, að ríkistilhögunin sjálf verði stærsti Þrándurinn í götu sjónvarpsins hér?

LUXOR

sjónvarpstækin




sameinar allt það bezta, sem
sjónvarp hefur upp á að
bjóða.

LUXOR verksmiðjurnar hafa yfir 40 ára
starfsreynslu í radiótækni — þjónustu á eigin
radioverkstæði.



VÉLAR & VIÐTÆKI

AUKIÐ ÞÆGINDIN



Danfoss

Setjið sjálfvirka hitastilla á ofna yðar. Hitastillirinn
eykur á þægindi yðar — opnar og lokar sjálfvirkt
fyrir hitaaðstreymið og sér um að ofninn fái aðeins
það hitamagn, sem nauðsynlegt er til að herbergið
haldi því hitastigi, sem þér óskið.
Skiptið á venjulegum ofnlokum og sjálfvirkum
DANFOSS ofnhitastillum.
Ofnhitastillana má setja við flestar gerðir af mið-
stöðvarkerfum og hitaveitukerfum, bæði í einbý-
lishúsum og fjölbýlishúsum.

39010

≡ HÉÐINN ≡

Vélaverzlun

Seljavegi 2 sími 24260





SINDRASTÓLL til fermingagjafa



FÉLAGSTÍÐINDI

HEIMDALLAR

FÉLAGS UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

Ritstjórar og ábm.: EGGERT HAUSSON og VALUR VALSSON

5. TBL.

MARZ 1964

2. ÁRG.

Viturleg og stórhuga forusta



Með þessu blaði birtast Félags-
tíðindi Heimdallar í nýju formi og
þótti hlýða að helga þau baráttu
íslenzkrar þjóðar fyrir útfærslu
fiskveiðilögsögunnar, en 11. marz
1964 er einn hinna stóru daga
þeirrar sögu.




Hinn mikli sigur í landhelgis-
málinu var raunar unnin þegar

árið 1952 þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 4 sjómilur. Þá
var skapaður grundvöllur þeirrar útfærslu, sem gerð var 1958.
Samningarnir, sem gerðir voru við Breta 1961, tryggðu Íslend-
ingum full yfirráð þeirrar stækkunar, sem gerð var 1958.

Á þessari stóru stund er full ástæða til að þakka þeim tveimur
mönnum, sem veitt hafa íslenzkri þjóð gifturíka leiðsögn í þess-
um mikilvægu málum, þeim Ólafi Thors og Bjarna Benedikts-
syni. Þeir höfðu forystu um útfærsluna 1952 og 1961 sömdu þeir
Ólafur Thors og Harold Macmillan um fulla viðurkenningu Breta
á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Íslands strendur.

Íslenzk þjóð nýtur nú ávaxtar stórhuga og viturlegrar forystu
þeirra.



Landhelgismálið frá 1901—1964

1901. Danir semja við Breta um 3 sjómílna landhelgi Íslands, og var landhelgislinan þá dregin inn um firði og flóa.
1948. Alþingi setur lög um visindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins.
1950. Fyrsta reglugerðin um útfærslu fiskveiðilögsögunnar sett á grundvelli landgrunnslaganna. Þá er á takmörkuðu svæði fyrir Norðurlandi lögsagan færð út í 4 mílur og grunnlinur réttar.
1952. Ríkisstjórnin gefur út nýja reglugerð, þar sem flóum og fjörðum er lokað, grunnlinur dregnar beint fyrir mynni þeirra og fiskveiðitakmörkin ákveðin 4 mílur.
1958. Fiskveiðitakmörkin ákveðin 12 mílur. Bretar neita að viðurkenna þá útfærslu og hefja veiðar á svæðinu undir herskipavernd.
1961. Stórhættulegu, óþolandi ástandi á fiskimiðum landsmanna lýkur með samningi Breta og Íslendinga. Samkvæmt honum eru gerðar mikilvægar breytingar á grunnlinum á fjórum stöðum umhverfis landið, brezkum fiskiskipum heimilað að stunda veiðar á takmörkuðum svæðum á milli 6 og 12 mílnanna og takmarkaðan tíma á ári í 3 ár og Bretar viðurkenna 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands.
1964. Samningurinn við Breta um undanþágur fyrir fiskiskip þeirra rennur út. Íslendingar sitja einir að 12 mílna fiskveiðilögsögu sinni.

Í hverju var samningurinn við Breta fólginn?

STÓRATBURÐUR er í vændum. 11. marz n.k. rennur út sá réttur, sem brezkir fiskimenn hafa haft undanfarin 3 ár til veiða á nokkrum svæðum innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar við Ísland. 12 mílna fiskveiðilandhelgin er þá orðin að raunveruleika. Full og óskoruð yfirráð Íslendinga yfir henni eru þá viðurkennd í orði og á borði af öllum þeim, er töldu sig málið varða. Íslendingar hafa unnið stærsta sigur sinn síðan lýðveldi var stofnsett á Lögbergi 1944.

Samningurinn við Breta var lagður fyrir Alþingi 27. febrúar 1961 í formi orðsendingar frá utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Bretlands og samþykktur af þingmönnum þann 9. marz. Formleg staðfesting hans var svo gerð í Reykjavík 11. marz.

Samningurinn var ótrúlega hagstæður Íslendingum, sem sést best af úrdrætti þeim, sem hér fer á eftir. Verður getið þeirra fjögurra meginatriða, sem í samningnum fólst.

- 1) Bretar viðurkenndu þá þegar 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands.
- 2) Bretar viðurkenndu mikilvægar breytingar á grunnlinum á fjórum stöðum umhverfis landið. Fiskveiðilögsagan stækkaði við þær breytingar um 5065 ferkm.
- 3) Brezkum skipum var heimilað að stunda veiðar á takmörkuðum svæðum milli 6 og 12 mílna markanna og takmarkaðan tíma í 3 ár. Þessi svæði voru ekki stærri en það né tíminn lengri á ári hverju, að réttindi Breta svöruðu til þess að þeir fengju að veiða á öllu svæðinu milli 6 og 12 mílnanna í 9,6 mánuði eða $\frac{3}{4}$ úr ári.

4) Ríkisstjórn Íslands lýsti yfir því, að hún mundi halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959, varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland og að ágreiningi um hugsanlegar aðgerðir skuli vísað til Alþjóðadómstólsins.

Um þessar mundir er eina samningsatriðið, sem við Íslendingar raunverulega högnuðumst ekki á, að falla úr gildi. Allt annað, sem í samningnum fólst, stendur óskert. Síðan 1958, þegar vinstri stjórnin skildi við málið í algjörri sjálfheldu, hefur þetta því áunnist:

1. Bretar viðurkenna 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.
2. Fiskveiðilögsagan hefur verið aukin um 5065 ferkm.
3. Tryggt að Alþjóðadómstólnum verði falið að kveða upp úrskurð um réttmæti hugsanlegra frekari framkvæmda til útfærslu íslensku fiskveiðilandhelginnar, ef ágreiningur ris um það milli Íslendinga og Breta. Er þannig tryggt, að ekki komi aftur til herhlaups Breta inn í íslensku fiskveiðilandhelgi.

Það er sannarlega ástæða til að fagna. Með samningnum við Breta unnu Íslendingar mikinn sigur. Auk sjálfs samningsins um landhelgina hafa nú gömul vináttubönd Íslendinga og Breta verið tengd á nýjan leik og með því komið í veg fyrir það, sem kommúnistum tókst næstum því að gera í skjóli Framsóknar, að kljúfa Atlantshafsbandalagið.

„Falin er í illspá hverri ósk um hrakför sýnu verri“

FYRIR þremur árum, er samkomulag náðist í landhelgisdeilunni milli ríkisstjórna Íslands og Bretlands, héldu blöð stjórnarandstöðunnar uppi slíkum skrifum og málflutningi, að furðu sætti. Er ekki alls ófróðlegt að rekja þau að nokkru nú og kann nánar í ljósi þess tíma, sem liðinn er, þær röksemdir, er þjóðinni voru á borð bornar. Eftir megni verður þó reynt að sneiða hjá þessum og ókurteisi þessara málefna málflutningja í garð einstakra manna, sem var óspart beitt, þegar annað lét sig.

„Þjóðviljinn“ ljótari

Það varð að ráði, að vitna frekar í Timann en Þjóðviljann, ekki þó fyrst og fremst vegna þess, að það blað skyti hinu algerlega ref fyrir rass hvað endemi snerti, heldur þótti frágangur og prentun Þjóðviljans öllu ósmekklegru og því hvímléidari til aflestrar.

Sér grafa gróf....

Munu hér á eftir raktar helztu staðhæfingar Timans og sýnt fram á með gagnrökum framsóknarmanna sjálfra, hve hæpnar þær voru í raun og veru, en þar sem skynsemi þeirra og heiðarleik í

málflutningi sleppir, verður bætt inn í staðinn eftir efnum og ástæðum:

1) „Þessir samningar eru niðrandi og niðurlægjandi fyrir Íslendinga á fleiri en einn hátt.“ (Leiðari Timans 28/2 '61).

Þessu er til að svara, að hér áttust við tvær þjóðir, þar sem sú stærri heitti hina minni óafsakanlegu ofbeldi. Hvernig hafa slíkar deilur yfirleitt endað fram til þessa? Ekki ætíð með sigri hins rétta málstaðar, heldur fyrst og fremst með sigri þess sterka.

Sigur hins smáa

Í þetta sinn sigruðu Íslendingar og keyptu þann sigur. En með hverju? Með því að leyfa Bretum veiðar á takmörkuðu svæði innan landhelginnar í þrjú ár. Hve lengi skyldu Íslendingar hafa þurft að bíða sjálfstæðis síns, eftir að Jón Sigurðsson setti fram skýlaus rök fyrir þeim rétti þeirra?

Hnefaréttur úr sögunni

Og hver var sigur Íslendinga auk þess að afla viðurkenningar Breta á 12 milunum? Hann var sá, að leiðrétting fékkst á grunnlinum, og framvegis mun Bretum ekki haldast uppi að hafna úrskurði alþjóðadóms í ágreiningsmálum þjóðanna eins og t.d. 1952 né láta hnefaréttinn skera úr.

Ekki alls varnað

Um mikilvægi framangreindra höfuðatriða komast Alþingismennirnir Björn Pálsson og próf. Ólafur Jóhannesson svo að orði:



„Vafalaust hefði verið hægt að koma þessum breytingum fram án þess að samið væri við Breta, en ef til vill síðar og á óhagkvæmari hátt. Við skulum einnig reikna okkur til tekna, að Bretar hætta að hafa hér herskip og líkur eru til að sambúð þjóðanna batni og viðskipti aukist.“ (B.P. í Tim. 8/3 '61).

..... Og þess vegna eigum við ekki að skorast undan því að eiga orðastað við aðrar þjóðir um þetta mál og við eigum ekki að skorast undan því að taka þátt í viðræðum við aðrar þjóðir um það. Og ég verð að segja, og vil láta það koma fram í sambandi við þetta að ég tel raunar eina veikleikamerkið í okkar málstað hér vera það, ef rétt er hermt, að við höfum neitað að leggja þetta mál til úrlausnar hjá Alþjóðadómstólum. Og vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast það að



ganga svo langt að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annar staðar skjóls að vænta heldur en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum

eins og stórveldin Og þess vegna hefði að minnu viti hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búinir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstól. (Ólafur Jóhannesson próf, Alþingi 14. nóv. 1960.)

2) „Geigvænlegasta atriði þessara smánarsamninga er þó það, að Íslendingar heita að tilkynna ríkisstjórn Bretlands hyggi beir á nýja útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um hana, skal honum skotið til alþjóðadómstóls, ef annarhvor aðili óskar þess.“ (Leiðari Timans 28/2 '61). 9

Með þessu vildi Timinn halda fram, að framvegis væri útilokaður réttur Íslands til frekari útfærslu, en við skulum kanna nánar þær röksemdir, er liggja að baki:

Alþjóðasamþykktir okkur í vil

.....Á fyrri hafréttarráðslefnum í Genf náðist fullt samkomulag um grunnlinur að landhelgi strandríkja.“ (Tim. 28/2)! „Samkvæmt þessum samþykktum Genfarráðslefnunnar 1958 eigum við ekki aðeins rétt til þessara breytinga, sem nú eru gerðar, heldur einnig til stórfelldra grunnlinubreytinga við Norðurland og Austurland þ.e. í sambandi við Grimsey og Hvalbak, og víðar við landið. Fram að þessu höfum við getað notað okkur þennan rétt hvenær, sem okkur hefði þóknast. Ef samkomulagið gengur hins vegar í gildi, getum við ekki leiðrétt grunnlinurnar við áður-



nefnda staði nema með samþykki Breta eða úrskurði alþjóðadómstóls, og getur það tekið 5—6 ár að fá slíkan úrskurð.“ (Þórarinn Þórarinnsson í útvarpsumræðum 2/3 '61).

Geta ekki lengur skotið sér undan

Með þessum orðum viðurkenna framsóknarmenn, að til sé alþjóðareglugerð okkur í hag, er alþjóðadómstóll munu dæma eftir. Þessum dómi hafa nú Bretar skuldbundið sig að hlíta í stað ofbeldisverka fram til þessa. Því til áreitingar nægir að vitna til ummæla sjálfs leiðtogans, Hermanns Jónassonar í útvarpsumræðu 2/3 '61, þótt hann hafi ekki að vísu sjálfur verið búinn að átta sig á kjarnanum:



...Og við skuldbindum okkur í ofandlag til að hreyfa ekki við því að færa út landhelgina nema með þeirra samþykki, þessarar sömu þjóðar sem hér hefur stundað

ofbeldi og veiðihjófnað fyrr og síðar. Við gátum og eftir útfærsluna 1952, sem var í samræmi við dóminn í máli Norðmanna, áhættu laust látið málið koma fyrir Haag-dómstólinn, því vítað var fyrirfram um málalok. ENDA NEIT- UÐU BRETAR.“

Niðurstaðan er þá óumdeilanlega sú, að okkar réttur er tryggður til frekari útfærslu í anda alþjóðalaga gagnstætt óskhyggju framsóknarmanna.

3) „Það er ekki sama að „viðurkenna“ og „falla frá mót mælum“.“ (Leiðari Tím. 1/3 '61).

Eins og kunnugt er felldu prófessorar lagadeildar HÍ úrskurð um að í orðsendingu Breta fælist full viðurkenning, en að vísu er ekki hægt að búast við, að framsóknarmenn standi þeim á sporði í því að skilgreina inntak þessara orða, og sjálfsagt verður reynslan þeim enginn skóli í þessum efnum fremur en öðrum.


4) „Hvaða trygging er fyrir því, að Bretar viki eftir 3 ár? Þá verða kosningar um garð gengnar og hafi sömu flokkar völd er þeim í lófa lagið að framlengja samkomulagið með einni lítilli orðsendingu.“ (Leiðari Tím. 1/3 '61).

Skyldu framsóknarmenn gleðjast yfir því sem þjóðhollir Íslendingar, að þessi margítrekaða hrakspá þeirra rættist ekki eða láta Tím-ann steinþegja um málið?

Stækkun fiskveiðilandhelginnar

Árið 1901 var flatarmál íslenzkrar fiskveiðilandshelgi 24.935 km²

— 1952 —	—	—	—	42.905	—
— 1958 —	—	—	—	69.809	—
— 1961 —	—	—	—	74.874	—




Framleiðum 50 tegundir af beltum og brjóstahöldum.

LADY merkið er landsþekkt.

LADY hf.

Laugavegi 26 — Sími 10-11-5



Bridgestone

undir

ALLA BÍLA

Söluumboð í Reykjavík:

GÜMMÍBARDINN HF.

Brautarholti 8 — Sími 17934

Einkaumboð:

Rolf Johansen & Co. hf.

Matador

Alltaf

BINDI

Alstaðar

E TH MATHIESEN HF

LAUGAVEG 178 - SÍMI 36570



**SKÝRSLA STJÓRNAR HEIMDALLAR
FYRIR STARFSÁRIÐ 1968 - 1969**

E f n i s y f i r l i t

1. Skýrsla stjórnar.
2. Fulltrúarráð Heimdallar 1968 - 1969.
3. Nefndir á vegum félagsins.
4. Reikningar Heimdallar.
5. Skýringar með reikningum.

Í stjórnarmáli skýrsla verður rætt að greina frá
félagsstarfinu í síðasta liðinu.

FLUGSTUÐA

Myndir í aðasta efrihluta skýrslunnar

Síðasti aðalfundur Heimdallar var haldinn 24. október 1968. Þar flutti fráfarandi formaður, Ólafur B. Thors, skýrslu stjórnar fyrir s.l. starfsár og lesnir voru upp reikningar félagsins. Á þessum aðalfundi félagsins voru kosnir í stjórn fyrir næsta ár eftirtaldir menn:

Steinar Berg Björnsson, viðskiptafr., formaður,
 Árni Árnason, verzlunarskólanemi,
 Baldvin Jónsson, verzlunarmaður,
 Jón Steinar Gunnlaugsson, laganemi,
 Karl Jeppesen, kennari,
 Kolbeinn Pálsson, rakari,
 Pétur Eiríksson, menntaskólanemi,
 Pétur Kjartansson, laganemi,
 Pétur Sveinbjarnarson, umferðarfulltrúi,
 Sigurður Ágúst Jensson, trésmiður,
 Kristinn Björnsson, menntaskólanemi, og
 Önundur Björnsson, kennaraskólanemi.

Strax að loknum aðalfundi hélt stjórnin sinn fyrsta fund og skipti þannig með sér verkum:

Pétur Kjartansson, varaformaður,
 Baldvin Jónsson, ritari og
 Jón Steinar Gunnlaugsson, gjaldkeri.

Fljótlega að loknum aðalfundi kom í ljós, að Kristinn Björnsson, menntaskólanemi, taldi sig ekki hafa aðstöður til þess að sitja áfram í stjórn Heimdallar og sagði hann sig úr stjórninni með bréfi, sem dags. var 3/11 '68. Stuttu síðar tók Geir Haarde, menntaskólanemi, við sæti í stjórn Heimdallar, með samþykki fulltrúaráðs félagsins, og hefur setið í stjórninni út þetta kjörtímabil. Stjórnin hefur á starfsárinu haldið 51 stjórnarfund.

Í eftirfarandi skýrslu verður reynt að greina frá félagsstarfinu í einstökum liðum.

K L Ú B B F U N D I R .

Hvernig á að mæta efnahagsörðugleikunum?

Annan dag nóvembermánaðar var haldinn klúbbfundur í Tjarnarbúð og var gestur á fundinum Magnús Jónsson, fjármálaráðherra. Ræddi hann þar um, hvernig eðlilegast væri að mæta efnahagsvandinum. Þátttaka var mjög góð og stóð fundurinn fram eftir degi.

Viðhorf að loknu Alþýðusambandsþingi.

Þann 7. desember var haldinn næsti klúbbfundur á vegum Heimdallar og mætti þar Hannibal Valdimarsson, alþingismaður og forseti Alþýðusambands Íslands. Ræddi Hannibal um horfur í verkalýðsmálum að loknu Alþýðusambandsþingi. Fundurinn var ekki eins fjölmennur og við var búizt, en það orsakaðist fyrst og fremst af því, að á sama tíma var haldin formannaráðstefna Sjálfstæðisflokksins.

Ísland og Nato.

Aron Guðbrandsson, forstjóri, mætti á klúbbfundi hjá félaginu 18. janúar og ræddi Aron þar um þær hugmyndir, sem hann hefur sett fram í vetur um Ísland og aðild þess að NATO. Fundurinn var mjög vel sóttur og stóð hann fram eftir degi. Á fundinum kom fram, að Aroni Guðbrandssyni hafi verið meinað að komast með greinar, sem hann hafði skrifað um þessi mál í blöðin og var því samþykkt í lok fundarins eftirfarandi ályktun:

"Fundur Heimdallar FUS. haldinn í Reykjavík 18. jan 1969. mótmælir harðlega afgreiðslu útvarpsráðs á beiðni fjölmargra útvarpshlustenda um endurtekningu samtals-þáttar Arons Guðbrandssonar og Guðmundar H. Garðarssonar nýverið.

Krefst fundurinn þess, að útvarpsráði verði sett eðlileg fundarsköp. Þá leyfir fundurinn sér að vara við því, að

forsvarsmenn annarra fjölmiðlunartækja eigi sæti í útvarpsráði sbr. ritstjórar þriggja dagblaða.

Fjölmiðlunartækin eiga innbyrðis í samkeppni, og leyfir fundurinn sér að draga í efa, að forystumönnum annarra fjölmiðlunartækja sé gert rétt með því að setja þá sem hagsmunaverði samkeppnisaðila síns.

Með framangreindri samþykkt er ekki lagður neinn dómur á skoðanir, sem fram koma í nefndum samtalsþætti."

Þessi ályktun var send útvarpi og sjónvarpi, svo og dagblöðunum, sem öll birtu hana. Vakti ályktun þessi allmikla athygli og umræður.

Prent- og skoðanafrelsi á Íslandi.

Í framhaldi af klúbbfundi um Ísland og NATO var boðað til annars klúbbfundar 15. febrúar. Gestur fundarins var Sigurður Bjarnason, ritstjóri og alþingismaður, og ræddi hann um prent- og skoðanafrelsi á Íslandi. Umræður urðu mjög skemmtilegar og fróðlegar á þessum klúbbfundi, sem stóð lengi dags.

Stjórnsmálaviðhorfið.

Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, kom 29. febrúar á klúbbfund og ræddi um stjórnsmálaviðhorfið að áliðnum vetri og horfurnar framundan. Að framsögn lokinni svaraði forsætisráðherra fjölmörgum fyrirspurnum.

Er allur atvinnurekstur í sjávarútvegi og fiskiðnaði að komast á framfæri hins opinbera?

Einar Sigurðsson, útgerðarmaður, var gestur Heimdallar á klúbbfundi, sem haldinn var 26. apríl og ræddi hann um atvinnurekstur í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Miklar umræður sköpuðust að loknu erindi Einars og svaraði hann mörgum fyrirspurnum.

T I L H Ö G U N K L Ú B B F U N D A .

Nú eru liðin u.p.b. 10 - 12 ár síðan Heimdallur tók upp klúbbfunda fyrirkomulagið. Framan af voru þessir klúbbfundir einn vinsælasti liðurinn í starfsemi félagsins og hafa ótal önnur félög tekið þetta fundarform upp eftir Heimdalli. Telja verður, að næsta stjórn félagsins verði að taka til endurskoðunar þetta fundarform, hugsanlega með það að markmiði að færa fundina yfir á annan dag eða breyta formi þeirra.

R Á Ð S T E F N U R .Ráðstefna um kjördæmaskipan.

Dagana 8. - 9. febrúar var haldin ráðstefna í félagsheimili Heimdallar um kjördæmamálið. Ráðstefnan var ekki fjölmenn og var samþykkt að vísa málinu til stjórnar félagsins, til frekari ákvarðana um framvindu þess.

F É L A G S - O G F U L L T R Ú A R Á Ð S F U N D I R .

Þann 12. nóvember hélt Heimdallur fulltrúaráðsfund. Mætti formaður flokksins, Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra á fundinn og ræddi ráðstafanir vegna efnahgsörðugleikanna. Flutti hann þar mjög ítarlegt og greinargott erindi, sem gaf fundarmönnum góða mynd af ástandinu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í lok fundarins var samþykkt eftirfarandi ályktun:

"Heimdallur, félag ungra Sjálfstæðismanna í Reykjavík, gerir sér fulla grein fyrir þeim miklu efnahagserfiðleikum, sem nú steðja að þjóðinni. Forsendur fyrir þeim aðgerðum, sem ráðherrar Sjálfstæðisflokksins beita sér fyrir eru þær, að kaupgjald hækki ekki umfram það, sem geta atvinnuveganna leyfir. Heimdallur minnir á, að geta atvinnuveganna ræðst verulega af því, að atvinnutækjum sé skynsamlega stjórnað og ekki sé dregið og mikið fé út úr þeim.

Heimdallur álítur, að ríkisvaldið eigi að beita bönkum og lánasjóðum til þess að styðja þau fyrirtæki, sem sýnt hafa í harðnandi árferði, að þau eru lífvænleg, en hætta að halda lífinu í fyrirtækjum, sem augljóst er að

standast ekki samkeppni.

Heimdallur lýsir í meginatriðum yfir stuðningi sínum við fram komna tillögu til lausnar efnahagsvandans, enda komi það skýrt fram, að Sjálfstæðisflokkurinn er undir það búinn að leggja tillögurnar undir dóm þjóðarinnar í almennum kosningum, ef óábyrg öfl hindra framkvæmd þeirra."

Þann 29. janúar var haldinn fulltrúaráðsfundur, þar sem áttu sér stað umræður um kjördæmamálið og eins voru lagðar fyrir fulltrúaráðsfundinn tillögur um tvo kappræðufundi við unga Framsóknarmenn í Reykjavík. Skyldi annar fundurinn fjalla um utanríkismál, en hinn um efnahagsmál. Samþykkti fulltrúaráðsfundurinn, að Heimdallur tæki þátt í slíkum kappræðufundum og vísaði frekari framkvæmd málsins til stjórnar félagsins.

Til fulltrúaráðsfundar var boðað 27. september, og voru þar kosnir eftirfarandi fulltrúar í uppstillinganefnd félagsins:

Halldór Runólfsson,
Hannes J.S. Sigurðsson,
Jón Magnússon,
Pétur Kjartansson, og
Steinar Berg Björnsson.

Á fundinum skýrði Ragnar Tómasson, lögfræðingur frá hugmynd að stofnun framkvæmda- og útgáfusjóðs Heimdallar. Þessum sjóði er ætlað að standa undir útgáfustarfsemi á vegum félagsins, svo og öðrum fjárfrekum framkvæmdum. Lögð voru fram drög að reglugerð fyrir sjóðinn og samþykkti fulltrúaráðsfundur þau drög og samþykkti að vísa málinu til stjórnar félagsins og fjáröflunarnefndar til úrvinnslu og framkvæmda. Takist vel til um stofnun og starfrækslu sjóðs þessa á hann að geta orðið félaginu til ómetanlegs gagns.

Siðbót í íslenskum stjórnámálum.

Almennur félagsfundur var haldinn 9. janúar í félagsheimili Heimdallar og var fundarefnið: "Er pólitískt vald í nefndum og ráðum hins opinbera óhóflegt?" Halldór Blöndal og

Jón E. Ragnarsson höfðu framsögu á þessum fundi, sem var mjög fjölmennur eða 100 manns.

Annar félagsfundur innan málaflokksins "Siðbót í íslenskum stjórnámálum" var haldinn í félagsheimili Heimdallar 13. febrúar og var fundarefnið: "Stjórnámálaflokkarnir og áhrif kjósenda á starf þeirra." Frummælendur voru Haraldur Blöndal og Friðrik Sóphusson. Fundurinn var fjölmennur.

Stefnuskrá Heimdallar.

Þann 16. febrúar var umræðukvöld í félagsheimili Heimdallar og var þar tekin til umræðu stefnuskrá Heimdallar. Formaður Heimdallar, Steinar Berg Björnsson, hafði framsögu í þeim umræðum og svaraði síðan fyrirspurnum og tók þátt í umræðum á eftir.

Sameiginlegir fundir.

Stjórn Heimdallar beitti sér fyrir sameiginlegum fundi 25. nóvember með stjórnun Týs F.U.S. í Kópavogi og Stefnis F.U.S. í Hafnarfirði. Var fundurinn haldinn í félagsheimili Heimdallar og var mjög gagnlegur.

Allsherjar fundur var haldinn með nefndum og ráðum á vegum félagsins svo og stjórnar Heimdallar þann 8. marz. Þar voru tekin fyrir þau mál, sem efst voru á baugi innan félagsins, stjórnin skýrði frá því, sem í bígerð var og fundarmenn komu fram með ýmsar tillögur.

Stjórnir Heimdallar og Sambands ungra Sjálfstæðismanna héldu sameiginlegan stjórnarfund mánudaginn 21. apríl. Skýrði stjórn SUS frá undirbúningi undir Sambandsþing ungra Sjálfstæðismanna, sem síðan var haldið á Blönduósi og eins var rætt um, hvernig gengi að vinna úr niðurstöðum aukapings SUS, sem haldið var í Reykjavík haustið 1968.

Atvinnumál skólafólks.

Stjórn Heimdallar fékk Ingólf Jónsson, ráðherra, til þess að mæta á almennum umræðufundi í félagsheimili Heimdallar 21. apríl og taka til umræðu efnið "atvinnumál skólafólks á komandi sumri". Á þessum fundi voru mættir um 70 nemendur í framhaldsskólum borgarinnar og urðu mjög fjórlegar umræður um

þetta vandamál fram eftir kvöldi.

Í framhaldi af þessum fundi fór stjórn Heimdallar á fund forsætisráðherra og skýrði honum frá umræðum á þessum fundi, svo og könnun, sem nokkrir Heimdallarfélagar í framhaldsskólum höfðu gert á atvinnuhorfunum skólafólks. Lýsti forsætisráðherra því yfir, að stjórnvöld hefðu tekið þetta mál til ítarlegrar athugunar og yrði gert allt, sem hægt væri til þess að leysa þetta vandamál.

M Á L F U N D I R O G N Á M S K E I Ð.

Ólafur B. Thors veitti forstöðu námskeiði í ræðumennsku og fundarsköpum dagana 20., 21., og 23. janúar. Þátttaka í námskeiðinu var mjög góð og létu þátttakendur vel af árangri þess. Í framhaldi af námskeiðinu voru haldnir 2 málfundir, sá fyrri var haldinn 26. janúar og var rætt um afstöðu Heimdallar til kommúnista á Íslandi. Frummælendur voru Geir Waage og Þórður Gunnarsson. Seinni málfundurinn var haldinn 27. janúar og var umræðuefni: "Íslenzkt þjóðfélag". Frummælendur voru Rannveig Sveinsdóttir og Grettir Gunnlaugsson.

K Y N N I N G A R F U N D I R M E Ð S K Ó L A - N E M U M O G N Ý J U M F É L Ö G U M.

Þann 26. nóvember var haldinn fundur með nemendum úr Hagskóla. Var það mjög fjölmennur fundur og var rætt vítt og breitt um íslenzk stjórnsmál á undanförunum árum. Næsti fundur af þessu tagi var haldinn 5. desember og var það fundur með nemendum úr 3. bekk Menntaskólans í Reykjavík. 5. janúar var svo haldinn fundur með nýjum félögum. Á þessum fundi, svo og allmörgum öðrum, sem síðar voru haldnir, var nýjum félögum gerð grein fyrir því félagsstarfi, sem rekið er á vegum Heimdallar, rætt var um stefnuskrá og markmið Sjálfstæðisflokksins og tekið var til umræðu stjórnsmálaástandið í landinu. Fundur með Verzlunarskólanemum var haldinn 22. janúar og kom þar Sigurður Magnússon, framkvæmdastjóri Kaupmannasamtakanna, og ræddi um verzlunarmál. Þann 23. febrúar var haldinn fundur með trúnaðarmönnum í skólum, en þá hafði stjórn Heimdallar skömmu áður á fundi valið sérstaka trúnaðarmenn í flestum framhaldsskólum í Reykjavík.

U M R Æ Ð U K V Ö L D Í F É L A G S -
H E I M I L I H E I M D A L L A R .

Þann 14. nóvember var opið hús í félagsheimili Heimdallar. Gestur á þeim fundi var Guðmundur H. Garðarsson, formaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, og ræddi hann um starf þess.

Þann 17. nóvember kom Baldvin Tryggvason, fyrrverandi formaður Fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, í félagsheimili Heimdallar og ræddi um starfsemi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Magnús Þórðarson, framkvæmdastjóri Varðbergs, kom á fund í félagsheimili Heimdallar 21. nóvember og ræddi um aðdraganda að stofnun og starfsemi Atlantshafsbandalagsins. Kvikmyndakvöld var í félagsheimilinu 24. nóvember. 27. nóvember kom Höskuldur Jónsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, í félagsheimili Heimdallar og ræddi um Fríverzlunarsvæði Evrópu og hugsanlega aðild Íslands að því. Styrmir Gunnarsson, blaðamaður við Morgunblaðið, kom á fund í félagsheimilinu þ. 12. janúar og ræddi við Heimdellinga um kommúnisma á Íslandi og stjórnsmál almennt. Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður Dagsbrúnar og borgarfulltrúi Alþýðubandalagsins í Reykjavík, kom í félagsheimili Heimdallar 16. janúar og ræddi um launþegamál, notkun verkfallsheimilda og fleira. Kvikmyndakvöld var í félagsheimilinu 7. febrúar.

Í febrúar, marz og apríl voru alloft auglýst svokölluð opin kvöld í félagsheimili Heimdallar, þar sem félagsmenn gátu hitzt og rætt um hugðarefni sín.

K A P P R Æ Ð U F U N D I R .

Fljótlega í upphafi starfsárs núverandi stjórnar var tekin ákvörðun um það að halda kappræðufundi við önnur stjórnsmálafélög. Í framhaldi af því skoraði stjórn Heimdallar á stjórn Félags ungra Framsóknarmanna í Reykjavík, að halda kappræðufund um utanríkismál. Í framhaldi af því skoraði stjórn Félags ungra Framsóknarmanna á Heimdall til kappræðna um efnahagsmál. Var því ákveðið að halda tvo kappræðufundi, þann fyrri um utanríkismál, en þann seinni um efnahagsmál. Fyrri fundurinn var haldinn í Sigtúni 2. febrúar og var un-

ræðuefnið: "Utanríkismál." Fundarstjóri af hálfu Heimdallar var Pétur Sveinbjarnarson. Framsögumenn Heimdallar voru Jón E. Ragnarsson, lögfr. og Hörður Einarsson, lögfr. Aðrir ræðumenn af hálfu Heimdallar voru Friðrik Sóphusson, laganemi, Halldór Blöndal, kennari, Haraldur Sumarliðason, trésmiður, og Jón Steinar Gunnlaugsson, laganemi. Fundurinn var mjög fjölmennur og þótti takast í alla staði vel.

Seinni kappræðufundurinn við unga Framsóknarmenn í Reykjavík var haldinn 2. marz og var einnig í Sigtúni. Fundarstjóri af hálfu Heimdallar var Pétur Kjartansson. Framsögumenn Heimdallar á þessum fundi voru Steinar Berg Björnsson, viðskiptafræðingur, og Styrmir Gunnarsson, lögfræðingur. Aðrir ræðumenn Heimdallar voru Eggert Hauksson, viðskiptafræðingur, Ellert B. Schram, lögfræðingur, Ásmundur Einarsson, blaðamaður, og Halldór Blöndal, kennari. Fundurinn var mjög fjölsóttur og sköpuðust mjög skemmtilegar umræður á þessum fundi.

Reynslan af þessum tveimur kappræðufundum er sú, að þetta er fundarform, sem er mjög vinsælt, og jafnframt fá félagar í stjórnmalasamtökum unga fólksins takifæri til þess að skiptast á skoðunum og gagnrýna það, sem miður fer í þjóðfélaginu og þá jafnframt að benda á það, sem vel er gert.

A N N A Ð F U N D A S T A R F.

Stjórn Heimdallar ákvað að beita sér fyrir fundum með talsvert öðru formi en tíðkæst hefur. Með þessu móti vildi stjórn Heimdallar reyna að koma til móts við fólk, sem annars gefur sér ekki tíma eða hefur ekki áhuga á að ræða um þau mál, sem venjulega eru kölluð stjórnmal, heldur að taka til umræðu þau mál, sem snerta svo til hvern einasta þjóðfélagsþegn beint. Stjórnin ákvað því að beita sér fyrir tveimur fundum, öðrum um mjólkursöllumál í Reykjavík, en hinum um íþróttamál.

Borgarafundur um mjólkursöllumál.

Þann 26. febrúar var haldinn á vegum Heimdallar almennur borgarafundur um mjólkursöllumál. Fundurinn var haldinn í Sigtúni og hafa mætt á fundinum á milli 800 og 1000 manns. Framsögumenn á fundinum voru Björg Stefánsdóttir, húsmóðir, Höskuldur Jónsson, deildarstjóri, Sigurður Magnússon,

frankvæmdastjóri, og Vignir Guðmundsson, blaðamaður. Á fundinn var boðið stjórn og frankvæmdastjóra Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík, og enn fremur var boðið til fundarins fulltrúum á búnaðarþingi, sem þá stóð yfir hér í Reykjavík. Miklar umræður urðu á fundinum og m.a. tóku til máls landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, frankvæmdastjóri Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík, Stefán Björnsson, og margir fleiri.

Fundur um ípróttamál.

Þann 1. marz var haldinn almennur fundur um ípróttamál á Hótel Sögu. Frummælendur voru: Alfreð Þorsteinsson, Torfi Tómasson, Þorsteinn Hallgrímsson og Hannes P. Sigurðsson. Á fundinum urðu mjög miklar umræður um ípróttamál og það sem gera þyrfti á næstunni til þess að bæta aðstöðu ípróttamanna. Fundurinn var fjölmennur og munu hafa mætt á honum um 300 manns.

S K E M M T A N I R O G D A N S L E I K I R.

Þann 29. nóvember var haldinn dansleikur í Las Vegas. 17. desember var dansleikur í Sigtúni. Þann 27. desember var haldin jólagleði Menntaskólans í Reykjavík og Menntaskólans í Hamrahlið í félagsheimili Heimdallar. Þann 28. desember var síðan haldin jólagleði Hagaskólans í félagsheimili Heimdallar. Heimdallarfélagar úr Verzlunarskóla Íslands og Kennaraskóla Íslands héldu sameiginlega nýársgleði í félagsheimili Heimdallar 2. janúar. Mjög vel var vandað til þessara skemmtana og var þátttaka almenn. Þann 18. febrúar var haldinn dansleikur í Sigtúni, dansleikir voru haldnir í Las Vegas dagana 15. og 22. marz, í Tjarnarbúð 26. apríl og 31. maí og í Sigtúni 10. júlí. Hausthátíð Heimdallar var haldin á Hótel Sögu 29. ágúst. Ræðumenn á þeirri hátíð voru Jóhann Hafstein, dómsmálaráðherra, og Steinar Berg Björnsson, formaður Heimdallar. Hljómsveit Ragnars Bjarnasonar, Ómar Ragnarsson og Gísli Alfreðsson skemmtu. Hátíðina sóttu um 400 manns.

K Y N N I S F E R Ð I R.

Kynnisferðir hafa löngum verið vinsæll þáttur í starfi Heimdallar. Því ákvað stjórn Heimdallar að fara í nokkrar

kynnisferðir og voru farnar 4 slíkar.

Kynnisferðir á Keflavíkurflugvöllum.

Auglýst var kynnisferð á Keflavíkurflugvöllum 7. marz en þar sem þátttaka reyndist svo mikil, var ákveðið að skipta hópnun. Í fyrri kynnisferðinni tóku þátt um 50 manns og í þeirri seinni voru rúmlega 70 félagar. Var starfsemi NATO á Keflavíkurflugvelli skoðuð og fengu Heimdallarfélagar þar mjög gott tækifæri til þess að beina fyrirspurnum til varnarliðsmanna um ýmis atriði, sem til umræðu hafa verið hér á landi að undanfögnu.

Kynnisferð að Búrfelli.

Heimdallur efndi til kynnisferðar að Búrfelli 28. júní. Un 100 manns tóku þátt í kynnisferðinni, sem þótti takast mjög vel og var þetta síðasta tækifæri, sem mönnum gafst til þess að skoða framkvæmdir við Búrfell, áður en vatni var hleypt á virkjunarframkvæmdirnar.

Kynnisferð í Álveríð.

Þann 9. ágúst fór Heimdallur í kynnisferð að álverk-smiðjunni í Straumsvík. Þátttakendur voru um 180 og veittu forsvarsmenn verksmiðjunnar þátttakendum í kynnisferðinni mjög greinargóðar upplýsingar um þá starfsemi, sem fram á að fara í verksmiðjunni svo og framkvæmdir til þessa. Síðan gafst þátttakendum gott tækifæri til þess að skoða öll mannvirki þar suður frá.

Ý M I S Ö N N U R S T A R F S E M I
Á V E G U M H E I M D A L L A R.

Fyrir s.l. jól var gefið út mjög stórt og myndarlegt viðskiptablað á vegum Heimdallar og aðstoðuðu margir Heimdallarfélagar við dreifingu á því. Ritstjórar viðskiptablaðsins voru Ingvar Sveinsson, verzlunarmaður, og Páll Stefánsson, framkvæmdastjóri Heimdallar.

Formaður Heimdallar átti þess kost að koma í Menntaskólann við Hamrahlíð og Menntaskólann í Reykjavík á vegum Heimdallar. Var fundurinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð

haldinn í nóvember, og var rætt þar um stefnu og störf Sjálfstæðisflokksins, en fundurinn í Menntaskólanum í Reykjavík var haldinn í marz og var þar rætt um kapitalisma.

Stjórnir Heimdallar og SUS háðu handknattleikskeppni sín á milli 2. maí. Dómari í þeirri keppni var Geir Hallgrímsson, borgarstjóri. Keppninni lauk þannig, að Heimdallur bar sigur af hólmi.

Á s.l. starfsári gafst stjórn Heimdallar tækifæri til að heimsækja eftirtalda ráðherra Sjálfstæðisflokksins: Þann 6. desember heimsótti stjórn Heimdallar Jóhann Hafstein, dómsmálaráðherra, 10. janúar heimsótti stjórnin Magnús Jónsson, fjármálaráðherra, og 14. febrúar heimsótti stjórnin Ingólf Jónsson, landbúnaðarráðherra. Ennfremur gafst stjórninni tækifæri á að heimsækja Geir Hallgrímsson, borgarstjóra og var það 26. apríl. Heimsóknir þessar voru mjög gagnlegar. Í þeim gafst stjórnarmönnum í Heimdalli tækifæri til þess að koma á framfæri sjónarmiðum ungra manna við framámenn flokksins og ráðherrar okkar og borgarstóri fengu tækifæri til þess að kynna þeim skoðunum, sem nú ríkja hjá yngri mönnum til einstakra þjóðfélagsmála. Eru skoðanaskipti sem þessi ómetanleg til þess að minnka það bil, sem oft vill verða á milli yngri og eldri manna innan stjórnarmálafélaga.

Undir stjórn framkvæmdastjóra félagsins, Páls Stefánssonar, tóku Heimdellingar verulegan þátt í rekstri á nýafstöðnu happdrætti flokksins og tóku meðal annars að sér að annast alla lausasölu á happdrættismiðum í Reykjavík.

Þegar s.l. starfsár hófst var enginn starfsmaður hjá Heimdalli. Ákvað því stjórn Heimdallar að kanna við stjórn SUS, hvort ekki gæti orðið að samkomulagi, að stjórn Heimdallar og stjórn SUS réðu sér sameiginlegan starfsmann. Var talið, að með því væri hægt að skapa þau starfsskilyrði og borga þau laun, að góður maður fengist til starfa. Varð um þetta samstarf á milli stjórna Heimdallar og SUS og var Páll Stefánsson ráðinn framkvæmdastjóri Sambands ungra Sjálfstæðismanna og Heimdallar frá 1. nóvember 1968. Hefur þessi tilhögun gefið mjög vel og er óskandi, að þetta samstarf haldi áfram.

Þessar nefndir og ráð hafa verið starfandi á vegum Heimdallar á síðastliðnu starfsári.

Fulltrúaráð.

Andrés Andrésón,	Ólafur Jónsson,
Arnfinnur U. Jónsson,	Ólafur B. Thors,
Árni Ól. Lárússon,	Páll Bragi Kristjánsson,
Ásgeir Thoroddsen,	Páll Stefánsson,
Baldur Guðlaugsson,	Pétur Kr. Hafstein,
Bergþór Konráðsson,	Ragnar Kjartansson,
Birgir Ísl. Gunnarsson,	Reynir Kristjánsson,
Bjarni Beinteinsson,	Skúli Bjarnason,
Björgólfur Guðmundsson,	Stefán Pálsson,
Björn Bjarnason,	Styrmir Gunnarsson,
Brynjólfur Kjartansson,	Sveinn Þorgrímsson,
Eggert Hauksson,	Sverrir N. Gunnlaugsson,
Eiríkur Benjamínsson,	Sævar B. Kolbeinsson,
Ellert Schram,	Valur Valsson,
Friðrik Sóphússon,	Vigfús Ásgeirsson,
Gunnar Gunnarsson,	Vilborg Bjarnadóttir,
Gunnar Þorláksson,	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson,
Gunnlaugur Claessen,	Þorsteinn Ingólfsson,
Gylfi Þór Magnússon,	Þorsteinn Pálsson,
Halldór Blöndal,	Þór Whitehead.
Halldór Runólfsson,	
Hallgrímur Geirsson,	
Haraldur Sumarliðason,	
Hörður Einarsson,	
Ingi Torfason,	
Jakob R. Möller,	
Jón Magnússon,	
Jón E. Ragnarsson,	
Jón Stefán Rafnsson,	
Jón G. Zoega,	
Kristján Ragnarsson,	
Magnús Gunnarsson,	
Magnús Hreggviðsson,	
Már Gunnarsson,	
Ólafur Jensson,	

Skipulagsnefnd.

Hörður Sigurgestsson, formaður,
Baldur Guðlaugsson,
Jón Magnússon,
Stefán Pálsson,
Sverrir Haukur Gunnlaugsson,
Vilhjálmur Vilhjálmsson,
Þorsteinn Pálsson.

Stjórnmalanefnd.

Friðrik Sóphusson, formaður,
Ellert B. Schram,
Magnús Gunnarsson,
Björgólfur Guðmundsson,
Ingi Torfason,
Ásgeir Thoroddsen.

Fjáröflunarnefnd.

Guðlaugur Bergmann,
Páll Stefánsson,
Ragnar Tómasson.

Spjaldskrárnefnd.

Andrés Andrésson,
Kjartan Kjartansson,
Steinar Guðlaugsson,
Kjartan Gunnarsson.

Félagsheimilsnefnd.

Jón Grímsson, formaður,
Sigtryggur Jónsson,
Ólafur Klemensson,
Jón Ingimarsson,
Björn Sigurbjörnsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Halldór Kristinsson,
Kjartan Gunnarsson,
Geir Waage.

Stefnuskrárnefnd.

Ásmundur Einarsson, formaður,
Jón Magnússon,
Skúli Bjarnason,
Kjartan Gunnarsson,
Steinar Guðlaugsson.

Skemmtinefnd.

Pétur J. Eiríksson, formaður,
Hannes J.S. Sigurðsson,
Steinar Guðlaugsson,
Baldvin Jónsson,
Halldór Kristinsson.

0991 REKSTRAR- OG EFNHAGSREIKNINGUR

Stærð	Skilgreining
24.445,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
18.878,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
5.567,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
1.628,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
1.756,45	Rekstrar- og efnhagsreikningur
84.000,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
84.000,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur

REKSTRAR- OG EFNHAGSREIKNINGUR

pr. 24/10 1968 - 15/9 1969

20.982,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
19.830,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
10.134,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
19.630,75	Rekstrar- og efnhagsreikningur
19.201,65	Rekstrar- og efnhagsreikningur
10.000,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
554,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
8.871,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
8.526,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
4.039,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
3.932,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
7.606,00	Rekstrar- og efnhagsreikningur
<u>108.911,35</u>	<u>Rekstrar- og efnhagsreikningur</u>

REKSTRARREIKNINGUR

Gjöld

Félagsbúð	vörukaup	54.445.00	
	÷ vörusala	<u>32.879.00</u>	21.566.00
Kostnaður v/félagsheimilis			26.528.70
Póstur, prentun og ritföng			43.651.50
Afskriftir			5.498.00
Afskrift félagsheimilis			111.628.00
Vaxtakostnaður		17.981.10	
	÷ tekjur	<u>244.65</u>	17.736.45
Laun framkvæmdastjóra			84.000.00
Fundakostn.:	Kappræðufundur	8.180.00	
	Mjólkursölufundur	1.990.00	
	Iþróttafundur	810.00	
	Aðrir fundir	<u>9.982.00</u>	20.962.00
Risna			1.925.00
Jólavökur:	M.R. og M.H.	10.134.00	
	Hagaskóli	2.185.75	
	V.Í og K.Í.	<u>7.320.00</u>	19.639.75
Greiddar óbókfærðar skuldir			12.201.85
Leiðrétting spjaldskrár			10.000.00
Kostnaður v/Vísissíðu			554.00
Aksturskostnaður			6.871.00
Launaskattur o. fl.			2.526.00
Bifreiðakostnaður			4.025.00
Ymiss kostnaður			3.992.09
Afskrifuð inneign			<u>7.606.00</u>
			<u>400.911.34</u>

24/10 1968 - 15/9 1969

Tekjur

	Dansleikir	105.140.00	
.566.00	÷ kostnaður	<u>95.368.17</u>	9.771.83
.528.70	Félagsgjöld	83.400.00	
.651.50	÷ innheimtulaun	<u>10.485.00</u>	72.915.00
.498.00	Auglýsingablað	306.295.00	
.628.00	÷ kostnaður	<u>155.434.85</u>	150.860.15
	Happdrætti Sjálfstæðisflokks.	29.340.00	
.736.45	÷ kostnaður	<u>18.336.00</u>	11.004.00
.000.00	Fyrndar og eftirgefna skuldir		20.865.60
	Ferðir: Straumsvíkurferð tekjur	5.600.00	
	Búrfellsferð tekjur	<u>3.630.00</u>	
		9.230.00	
.62.00	÷ Búrfellsferð gjöld	<u>5.945.00</u>	3.285.00
.25.00	Tekjur af leigu á félagsheimili til Sjálfst.fl.		92.523.00
	Tap flutt á efnahagsreikn.		39.686.76
.39.75			
.01.85			
.00.00			
.4.00			
.1.00			
.6.00			
.5.00			
.2.09			
.5.00			
.34			<u><u>400.911.34</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

Ávísanareikn. 38849 í V.Í.		973.38
Skuldunautar		3.750.00
Hljómplata Ólafur Thors		17.525.00
Áhöld	10.800.00	
÷ afskrifað	<u>1.080.00</u>	9.720.00
Húsgögn	27.357.00	
÷ afskrifað	2.735.00	
÷ afskrifað áður	<u>13.619.00</u>	11.003.00
Teppi	13.603.00	
÷ afskrifað	1.360.00	
÷ afskrifað áður	<u>6.806.00</u>	5.437.00
Bókasafn	3.238.00	
÷ afskrifað	<u>323.00</u>	2.915.00
Kvikmynd		34.475.00
Félagsheimili	1.116.284.34	
÷ afskrifað	111.628.00	
÷ afskrifað áður	<u>114.928.00</u>	889.728.34
		<u>975.526.72</u>

FR. 15/9 1969

Skuldir

73.38	Veðskuld við Sparisjóð Rvíkur	
50.00	og nágrennis	286.000,00
25.00	Lánadrottinnar	57.935,10
	Víxilskuldir	47.000,00
20.00	Höfuðstóll	624.278,38
	± tap á árinu	<u>39.686,76</u>
		584.591,62

73.38

50.00

25.00

20.00

03.00

37.00

15.00

75.00

28.34

26.72

975.526,72

Viðskiptamannayfirlit pr. 15/9 1969.

Lánadrottnar

Hótel Saga	3.350.00
Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar	279.50
Ölgerðin Egill Skallagrímsson	2.463.40
Penninn	245.00
Hljómur	9.586.00
B.S.R.	4.010.00
Víkingur	3.000.00
Trésmiðjan Víðir	3.350.00
Freyja	9.601.10
Félagsprentsmiðjan	7.336.10
Myndamót	3.368.00
Gjaldheimtan	2.526.00
Páll Stefánsson	<u>8.820.00</u>
	<u>57.935.10</u>

Athugasemdir við reikninga.

Eins og fram kemur í reikningum þessum ná þeir aðeins fram að 15. sept. 1969. Ástaðan fyrir því er sú, að birta varð reikningana með skýrslu stjórnar, og nokkurn tíma hefur tekið að fjölrita og ganga frá hvoru tveggja í aðgengilegu formi.

Hvað reikningunum sjálfum viðkemur er rétt að benda sérstaklega á, að afskriftir af félagsheimili og öðru eru kr. 117.126.00 og upp í afskriftirnar aflaði félagið kr. 77.439.24 (þ.e. kr. 117.126.00 ÷ tap kr. 39.686.76).

Skuldir félagsins voru í ársbyrjun kr. 504.590.09 en eru nú kr. 390.935.10 svo að lækunin nemur kr. 113.654.99. Hér er þó ekki tekin með í reikninginn greiðsla óbókfærðra skulda, sem var kr. 12.201.85.

Innheimta félagsgjalda stendur enn yfir, svo að búast má við, að enn eigi nokkuð eftir að koma inn af félagsgjöldum starfsársins. Einnig eiga tekjur af happdrætti Sjálfstæðisflokksins eftir að aukast, þar sem sala miða stendur yfir til 30. sept.

Jón Steinar Gunnlaugsson, gjaldkeri.